

Erlend tungumál

Menntagildi og megintilgangur

Tvö erlend tungumál eru kennd, enska og danska. Lögð er áhersla á að byrja eins snemma og kostur er að kynna þessi tungumál, helst í 2.-3. bekk.

Til viðbótar við ensku og dönsku er lögð áhersla á að nemendur kynnist fleiri erlendum tungumálum, t.d. í tengslum við samfélagsgreinar, tónlist og ekki síst í samskiptum við nemendur og starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.

Að tileinka sér móðurmál er að miklu leyti náttúrulegt og sjálfgefið ferli; tungumálið þróast í samskiptum við aðra. Það gerist við það að barnið líkir eftir öðrum í hagnýtum, áþreifanlegum athöfnum. En það eru einnig aðrir þættir að verki, því þróun talmálsins byggir jafnframt á djúpum sammanlegum skilningi sem er jafn mikilvægur og hin hagnýta áþreifanlega hlið.

Í takt við að börn tileinka sér móðurmálið mótast talfæri og málfarsleg meðvitund þeirra. Mótanleikinn minnkar smám saman og eftir tíu ára aldurinn er mun erfiðara fyrir manneskju að mynda málhljóð sem liggja utan hljóðsviðs móðurmálsins, það sama á við um tónfall og hrynjanda.

Þróunin frá hinu algilda til þess sértæka í tungumálinu er hluti af vegferð mannsins að eigin sjálfsmynd. Að ná tökum á tungumáli foreldra eða forráðamanna, svæðisins og landsins er hluti af þessari þróun.

Hið yfirgrípandi markmið með tungumálakennslunni er jákvæð innlifun í og skilningur á menningarlegri tjáningu og hugsunarhætti annars fólks. Það er ákveðið grundvallarviðhorf til tungumálakennslu að tungumálin hafi fleiri hliðar en hina hreinu upplýsingamiðlun. Þannig verður sérhvert nýtt tungumál uppspretta innri þroska, persónulegt reynsluvið og gátt inn í menningu og hugsunarhátt annars tungumálasvæðis. Sérhvert tungumál er uppspretta að heimsskilningi, þó það sé jafnframt í eðli sínu einhliða.

Tungumál tjáir innri og ytri reynslu mannsins á ákveðinn hátt, í gegnum sérstök hljóðsambönd, hljómfall, orðaforða, orðatiltæki og málfræðiuppbyggingu sem einkenna bæði daglegt tal, hugtakaskilning og bókmenntir.

Með því að kynnast fleiri tungumálum getum við víkkað þá einhliða vitund og menningu sem móðurmálið byggir á. Að læra erlend tungumál er því mikilvægt skref í átt að því að verða heimsborgari. Í gegnum mismunandi tungumál má sjá veruleikann frá nýjum sjónarhornum og innlifun í fjölbreytni og breytileika getur haft áhrif á sveigjanleika, skilning og umburðarlyndi þvert á landamæri.

Tungumálakennslan byggir á því að móðurmálið hafi fest sig í sessi á fyrstu sex til sjö æviárum barnsins. Það þarf að sjálfsögðu að styrkja og þróa móðurmálið áfram frá fyrsta skóladegi, en það verður alltaf grundvöllur fyrir kennslu í erlendum tungumálum. Á fyrstu skólaárunum er hæfileikinn til eftirhermu mjög sterkt til staðar hjá nemendum. Það gefur tækifæri til að leggja grunn með lifandi, munnlegri og listrænni nálgun á nýju tungumáli. Sú málvitund og hugtakamyndun sem síðan þróast í móðurmálinu styður tungumálanám og áframhaldandi reynslu af tungumálum.

Í kennslu á erlendum tungumálum eru þrír miðlægir þættir settir fram sem meginmarkmið. Í fyrsta lagi er það markmið að nemendur skilji annað tungumál með því að hlusta og lesa, sem og að geta tjáð sig sem best í tali og texta. Í öðru lagi er það markmið að nemandinn kynnist lifnaðarháttum, hefðum, bókmenntum og annarri menningu, landafræði og sögu tungumálasvæðisins. Þriðja markmiðið er að erlend tungumál séu hluti af faglegum og mannlegum þroska nemandans, með sérstöku innihaldi og áskorunum námsgreinarinnar.

Að tileinka sér erlent tungumál snýst að miklu leyti um æfingu og kennslan þarf því eftir megni að vera samfelld. Í byrjun fer kennslan fram annars vegar í gegnum tónfall og hrynjandi tungumálsins og hins vegar í gegnum orðaforða sem er sóttur í nærumhverfið. Í samræmi við það sem hér hefur verið lýst byggir kennslan fyrstu skólaárin á eiginleikanum til að herma eftir hljómunum og uppbyggingu tungumálsins.

Kennslan er munnleg og á sér stað eftir fremsta megni á erlenda tungumálinu, byggð upp með taktföstum versum, ljóðum og söngvum, leikjum, samtölum og stuttum frásögnum.

Tungumálakennsla á yngra stigi leggur grunninn að öllu áframhaldandi starfi með tungumálið. Á mið- og unglingastigi er unnið meðvitað með þá tungumálalegu uppbyggingu sem nemendur hafa tileinkað sér með eftirhermu. Þá er byrjað að vinna með málfræðireglur tungumálsins og tekist markvisst á við lestur og skrift. Á þessu aldurs skeiði er hugtakamyndun örvuð með athugunum og sjálfstæðri hugsun, með verkefnum og æfingum sem krefjast nákvæmni og vandaðra vinnubragða. Að uppgötva skyldleika í gegnum samanburð við önnur tungumál auðgar og víkkar skilning á tungumálinu og uppbyggingu þess. Þess er jafnframt gætt að glæða kennsluna lífi með listrænni nálgun, upplifun á málinu og málgleði.

Ljóð og leikræn tjáning hafa mikið vægi alla skólagönguna og eru viðfangsefni valin miðað við aldur og getu. Öll árin er tungumálið sem tjáskipti þjálfað, frá einföldum samtölum fyrstu árin og yfir í kynningar og samræður þegar komið er á unglingastig.

Vinna með ritaða texta gefur tækifæri til að kynnast ólíkum bókmenntastefnum. Fyrst og fremst eru textar frá tungumálasvæðinu valdir sem lesefni. Eigin ritaðar framsetningar verða sífellt mikilvægari með árunum og krefjast þess að unnið sé á virkan hátt með orðaforða og uppbyggingu tungumálsins.

Þekking á helstu einkennum og atburðum í sögu, menningu og hefðum málsvæðisins er gegnumgangandi efni í tungumálakennslunni. Á yngri stigum getur það átt við hefðbundin vers, lög og leiki, á miðstigi landfræði, hefðir og lifnaðarhætti og á unglingastigi ævisögur og sérkenni atvinnulífs auk samfélagsfræði.

Meginstoðir

Tungumál og samskipti

Talað mál og samskipti byggja á framþróun málfærni hins einstaka nemanda. Mestu máli skiptir stöðug aukning orðaforða og notkun mismunandi tjáningarmáta við ólíkar aðstæður. Góður framburður og hljómfall er fest í sessi og þjálfað með endurtekningu, samræðum, lestri og kynningum. Tekist er á við málfræðilega uppbyggingu og réttitun í mismunandi skriflegum verkefnum. Varpað er ljósi á hvað er líkt og ólíkt með íslensku og erlenda tungumálinu. Athyglinni er í auknum mæli beint að skilningi nemandans á eigin málfærni og innsýn í námsferlið.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

Þekking á menningu, samfélagi, sögu og bókmenntum málsvæðisins víkkar og dýpkar nálgunina á hagnýtri tungumálakunnáttu. Frumtextar og útdrættir úr mismunandi bókmenntagreinum og frá mismunandi tímum og stöðum innan tungumálsvæðisins auka þekkingu á menningunni og geta verið grundvöllur fyrir lestur, skrift, leikgerðir og samtöl. Viðfangsefni úr sögu málsvæðisins og þeim félagslegu aðstæðum sem eru til staðar í samtímanum eru tekin til umfjöllunar og unnið með þau.

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum

4. bekkur

(Sameiginleg getumarkmið fyrir ensku og dönsku).

Markmið kennslunnar er að nemendur:

Tungumál og samskipti

- taki virkan þátt í vinnu með leiklestur og tungumálaæfingar þar sem góður framburður er æfður í gegnum eftirhermu,
- taki virkan þátt í sameiginlegri vinnu með ljóð, vers, söng, leiki og einfaldar leikgerðir,
- þekki og geti hermt eftir dæmigerðum hljómfalls-mynstrum og ólíkum hljóð- og tóneiginleik-um í erlenda tungumálinu,
- geti tekið þátt í stuttum samræðum tengdum upplifunum, líkamanum, daglegum skólabrag og frístundum og heimilislífinu, tölum og talningu, árstíðunum og náttúrunni,
- geti svarað spurningum og einföldum skilaboðum og notað nokkur almenn orðasambönd í þekktum aðstæðum,
- skilji innihald einfaldra frásagna,
- þekki og geti notað nokkur þekkt og æfð málfræðileg atriði í munnlegum samskiptum eins og greini með nafnorðum, nokkur almenn fornöfn, spurnarorð og forsetningar.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- geti farið með eða sungið nokkur hefðbundin barnalög, ljóð og vers frá málsvæðinu,
- þekki og geti notað almenna kurteisfrasa,
- þekki til einhverra þekktra frásagna úr frásagnarhefð málsvæðisins,
- kynnist dæmigerðum hefðum og venjum frá málsvæðinu

Hæfniviðmið í ensku

7. Bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

Tungumál og samskipti

- þekki og geti nefnt dæmi um mynstur og reglur innan málfræði, réttitunar, framburðar og hljómfalls,
- skilji og geti notað grundvallar málfræðihugtök,
- geti notað grundvallar málfræði- og réttitunarreglur,
- þekki og geti sett orð á sérkenni enskrar tungu í samhengi við eigið móðurmál,
- temji sér gagnlegar námsaðferðir til að auka orðaforða, lesa reiprennandi og skrifa einfalda texta,

- æfist í notkun uppflettirita og rafrænna orðabóka,
- taki þátt í hlutverkaleikjum og samtölum,
- lesi upphátt úr rauntextum,
- geti endursagt og talað út frá þekktu þema,
- taki þátt í einföldum samræðum um efni sem unnið hefur verið með,
- þekki og geti notað orð úr æfðum textum í eigin vinnu,
- geti skrifað einfalda texta,
- geti farið með æfð ljóð með réttum framburði,
- taki þátt í því að flytja ljóð, leikgerðir og leikrit,
- skilji og geti notað einfaldar uppskriftir og notkunarleiðbeiningar.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- geti sagt frá einstaka persónum, stöðum og atburðum frá enskumælandi landi,
- hafi lesið og geti sagt frá klassískum bókmenntum og nýrri barna- og unglingabókmenntum á enskri tungu,
- þekki dæmigerða drætti í enskri menningu og ensku samfélagi,
- kynnist enskri mynt og mælieiningum.

10. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

Tungumál og samskipti

- temji sér góð vinnubrögð í tungumálanámi og geti skipulagt og metið mismunandi námsaðferðir við ólík verkefni,
- skilji grundvallar málfræðihugtök á ensku,
- geti notað mismunandi hjálpartæki við námið t.d. uppflettirit og rafrænar orðabækur,
- geti borið saman ensku og íslensku, fundið líkindi og mismun,
- geti leyst af hendi hversdagslega athöfn með samskiptum á ensku,
- geti talað og lesið reiprennandi,
- geti beitt fyrir sig breytilegum orðaforða og stíl þannig að það henti ólíkum viðfangsefnum,
- noti tíðir sagna á skýran og réttan hátt,
- skilji innihaldið í lengri smásögum og einföldum fræðilegum textum,
- geti dregið saman aðalatriðin í textum og sett fram skriflega,
- noti alhliða orðaforða, föst orðasambönd og orðatiltæki á virkan hátt við textaskrif,
- hafi vald á réttitun og setningargerð,
- geti flutt munnlegar kynningar á ólíkum efnum,
- geti haldið uppi samræðum, skilið og gert sig skiljanlegan.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- þekki til enskrar málsögu,
- þekki til mikilvægra atburða í sögum BNA og annarra enskumælandi landa,
- þekki til skólakerfanna í Bandaríkjunum og Bretlandi,
- skilji og geti endursagt innihald úr textum sem fjalla um lifnaðarhætti og gildi,
- lesi sér til um ævi frægra persóna frá enskumælandi löndum,
- skrifi verkefni tengt viðeigandi efni og kynni það,
- lesi úrval frumtexta, leikrita, smásagna, ljóða og kvæða,
- lesi skáldsögu og skrifi um hana umsögn,
- geti borið kennsl á málfarsvenjur og málfræðiatríði í köflum og útdráttum úr skáldverkum,

- geti farið með ljóð eða útdrátt úr bókmenntum á listrænan máta,
- geri greinarmun á myndmáli og beinni lýsingu,
- geti rætt innihald texta bæði munnlega og skriflega.

Hæfniviðmið í dönsku

7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

Tungumál og samskipti

- þekki danska stafrófið, einkennandi hljóð og hljóðsamsetningar,
- þekki til og geti notað mikilvægustu reglurnar um framburð og réttitun,
- geti notað orðabók/uppflettirit,
- þekki til og geti notað orð og orðasambönd tengd hversdagslegum efnunum,
- geti tekið þátt í samræðum um hversdagsleg efni,
- þekki orðaröð í algengum uppbyggingum setninga,
- geti lesið upphátt með skiljanlegum framburði,
- taki virkan þátt í endursögn á megininnihaldi í stuttum frumtextum og greinum,
- geti svarað einföldum spurningum út frá texta, frásögn eða myndefni, munnlega og skriflega,
- geti farið með hlutverk í leikriti eða leiknu ljóði,
- geti unnið hópverkefni í texta og tali,
- þekki og geti beitt fyrir sig grundvallaratriðum í málfræðiuppbyggingu, munnlega og skriflega.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- geti tjáð hljómfall og hrynjandi í samsöng, lestri og flutningi á ljóðum o.fl. á dönsku,
- læri úrval danskra ljóða og söngtexta,
- taki virkan þátt í endursögn á megininnihaldi frásagna úr danskri sögu og dönsku samfélagi,
- þekki og geti tekið þátt í samræðum um hefðir, venjur og daglegt líf málsvæðisins.

10. Bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

Tungumál og samskipti

- sýni frumkvæði og taki ábyrgð á því að takast á við faglegar áskoranir,
- geti lýst og metið eigin vinnu í námsferlinu,
- rannsaki líkindi og mismun á milli móðurmáls, ensku og dönsku og nýti það í eigin tungumálanámi,
- þekki mun á hljóð- og hljómeiginleikum dönskunnar í samanburði við íslensku og ensku,
- noti orðabækur og aðrar heimildir í sjálfstæðri vinnu í því skini að auka við orðaforða og öðlast aukið vald á tungumálinu,
- geti unnið með öðrum á uppbyggilegan hátt í munnlegum æfingum og skriflegum verkefnum,
- geti nýtt sér réttitunarreglur tungumálsins,
- geti beitt fyrir sig grundvallaratriðum í uppbyggingu tungumálsins,
- geti talað og lesið með skiljanlegum framburði,

- skilji og geti endursagt aðalinnihald í einfölduðum textum og frumtextum í ólíkum bókmenntagreinum,
- skilji daglegt mál og geti tekið þátt í samræðum um hversdagsleg málefni,
- skilji og geti notað danska talnakerfið við hagnýtar aðstæður,
- geti kynnt fjölbreytt efni munnlega,
- geti tjáð eigin skoðanir og hugrenningar á dönsku,
- geti aðlagð mál sitt að einhverju leiti að ólíkum aðstæðum.

Menning, samfélag, saga og bókmenntir

- þekki til og geti rætt um mikilvæga þætti menningar og sögu málsvæðisins,
- lesi og geti rætt um ljóð og prósa eftir mikilvæga höfunda málsvæðisins,
- geti farið með hlutverk í leikþáttum á dönsku,
- geti borið saman einhverja þætti í hefðum og venjum í Danmörku og á Íslandi,
- ræði saman um tungumál og landfræðilegar aðstæður á málsvæðinu,
- geti skrifað stutta texta um valin málefni/þemu eða ævisögur sem unnið er með í kennslunni.